



## Nýbyggingarsjóðsnefnd: bréf og tilkynningar og bréf frá Ríkisskattaneftndinni

---

Bjarni Benediktsson Nýbyggingarsjóðsnefnd: bréf og tilkynningar og bréf frá Ríkisskattaneftndinni

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afrit.  
Staðfestist  
f. h. Fiskiskattanevndar  
Höfnunarskýting

Nýbyggingarsjóðsnefnd hefir athugað greinargerð fyrir nýbygg-  
ingarsjóðsfræmlögum yðar fyrir skattarin 1941 og 1942 og samþykkt að  
þeim hafi verið löglega varið til byggingar nýs fiskibáts ca. 65 tonn  
að stærð, enda verði nefndinni gerð grein fyrir endanlegu kostnaðar-  
verði bátsins, er byggingu hans er lokið.

Þetta tilkynnist yður hérmeð.

Virðingarfyllst  
f. h. Nýbyggingarsjóðsnefndar,

formaður.

Til

hr. útgerðarmanns Arsæls Sveinssonar

Vestmannaeyjum.

Afrit.  
Staðfestist  
F. h. Ríkisskattaneftndar  
Dórnýr Skjöldur

Símskeyti.

Samkvæmt beiðni staðfestist hérmeð að útgerðarmaður Ársæll Sveinss. Vestmannaeyjum á velbæt í smíðum sem gert er ráð fyrir að verði um 65 smálestir að stærð, og að samkvæmt bókhaldi hefir varið kr. 300 þúsundum til byggingarinnar.

Hinrik Jónsson formaður undirskattaneftndar.

Undirskriftina staðfestir Arni Arnason, símritari.

Afrit.  
Staðfestist  
f. h. Ríkisskattanevndar  
Lárusdóttir

Reykjavík 15. júní 1944.

Nýbyggingarsjóðsnefnd

R e y k j a v í k.

Sem svar við heiðruðu bréfi yðar dags. 13. þ.m., leyfi ég mér virðingarfyllst að tilkynna yður, að í árslok 1943 var ég búinn að verja fé til byggingar umrædds báts+ fyrir kr. 195.000,00, eittundraðníutíuogfimmþúsundkrónur.

Snemma á árinu 1942 var komið töluvert af efni til byggingar umrædds báts, og helt þá áfram að koma, þar til snemma á árinu 1943 að nægilegt efni þótti komið til að hægt væri að byrja smíði bátsins, sem var og gert, og er smíði hans nú senn lokið, og vélin komin til landsins.

Vonast til að ofanritað nægi til að sanna að ég hafi innt nýbyggingarsjóðsframlagið af hendi lögum samkvæmt.

Virðingarfyllst  
f. h. Ársælls Sveinssonar

sign: L. Á. Ársælsson.

+ Samanber símskeyti formánnis undirskattanevndarinnar í Vestmannaeyjum Hinriks Jónssonar.

Sign: L. Á. Ársælsson.

afrit.  
*Staðfestist*  
f. h. Ríkisskattanevndar  
*Ólafur Ólafsson*

13. júní 1944.

Ríkisskattanevnd hefir tilkynnt oss, að framlag yðar í ný-  
byggingarsjóð fyrir skattárið 1941 eigi að nema kr. 33.571,28 og fyrir  
skattárið 1942 kr. 54.911,85. Veitist yður hérmeð 15. daga frestur til  
þess að sanna fyrir nýbyggingarsjóðsnefnd, að þér hafið innt framlögin  
af hendi lögum samskvæmt.

Virðingarfyllst

f. h. nýbyggingarsjóðsnefndar,

formaður.

Hr. utgm. Ársæll Sveinsson

Vestmannaeyjum

Afrit.  
Staðfestist  
f. h. Ríkisskattanevndar  
Drágnólafson

27. apríl 1944.

Ríkisskattanevnd hefir tilkynnt oss, að framlag yðar í nýbyggingarsjóð fyrir skattárið 1941 eigi að vera kr. 33.571,28 og fyrir skattárið 1942 kr. 54.911,85.

Nýbyggingarsjóðsnefnd óskar eftir vottorði banka um innstæðurnar, eða ef þér hafið varið fénu til nýbyggingar báts, vottorð skattanevndar um hve miklu fé þér hafið varið í byggingu hans.

Svar óskast hið allra fyrsta.

Virðingarfyllst  
f. h. Nýbyggingarsjóðsnefndar,

formaður.

Hr. útgerðarmaður

Arsæll Sveinsson

Vestmannaeyjum

# RÍKISSKATTANEFNDIN

INGÓLFSSTRÆTI 5, V. HÆÐ  
REYKJAVÍK

Afrit.

*Staðfestið*  
F. h. Ríkisskattanevndar  
*Þorólfur Ólafsson*  
Reykjavík,

1. apríl 1944.

Það tilkynnist hér með, að samkvæmt nýuppkveðnum úrskurðum ríkisskattanevndar á framlag hr. útgm. Ársæls Sveinssonar, Vestmannaeyjum, í nybyggingarsjóð fyrir skattárið 1941 að vera kr. 33.571,28 og fyrir skattárið 1942 kr. 54.911,85.

Ennfremur tilkynnist að ríkisskattanevnd hefir hækkað skatta Þorvalds Guðjónssonar, útgm., Vestmannaeyjum fyrir skattárið 1941, þar eð hann inti ekki af hendi nybyggingarsjóðsframlag sitt fyrir það skattár, sbr. bréf yðar dags. 26/2. þ.á.

Virðingarfyllst,

F.h. ríkisskattanevndar,

sign: Þorólfur Ólafsson

Til

Nybyggingarsjóðsnevndar.